

1871.

3. nóvbr.

Um leið og vèr gefum yður þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar, mælumst vèr til samkvæmt tillögum ensku stjórnarinnar, að þèr brýnið fyrir lögregluembættismönnum á Íslandi, að halda þegar próf, er þeir fá vitneskju um að útlendir fiskimenn hafa drýgt eitthvert afbrot eða haft í frammi yfirgang eða annan óskunda, til þess að svo fullkomnar skýrslur fáiist, sem auðið er, og skulu þeir síðan senda þær dómsmálastjórninni.¹

6. nóvbr.

98. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtsins og biskupsins á Íslandi, um húsleigustyrk handa stúdentum á prestaskólanum.

Með því fimtán stúdentar eru nú í ár á prestaskólanum á Íslandi, og tíu af þeim hafa hver um sig fengið húsleigustyrk þann, sem til þess er ætlaður, en af hinum fimm, sem eigi er veittur þessi styrkur, eru fjórir utanbæjarmenn og styrksins þurfsandi, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í bræfi 7. f. m., ásamt fylgiskjölum, lagt það til, að þessum fjórum stúdentum, sem eru Gunnlögur Halldórsson, Jón Þorsteinsson, Björn Stefánsson og Stefán Pétursson, verði veittur 40 rd. húsleigustyrkur hverjum, af því fè, sem veitt er í auglýsingu 4. marz þ. á. 11. gr. fyrir yfirstandandi fjárhagsár.

Eptir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við dómsmálastjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar, og hefir landfógeta í dag verið skrifað það, sem með þarf, um að borga fèð úr jarðabókarsjóðnum.

Stjórnarráðið verður jafnframt að nota tækifærið til þess að leiða athygli yðar að því, að húsleigustyrkur verði eigi almennt veittur öðrum, en utanbæjar stúdentum, en ef ástæða þykir til,

¹) Dómsmálastjórnin hefir sama dag skrifað stiptamtmaninum og amtmanninum í vesturumdæminu um þetta atriði.

að bregða útaf þessari reglu, þegar sèrstaklega stendur á, verður
að bera málið upp sèr í lagi fyrir stjórnarráðinu.

1871.
6. nóvbr.

**99. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir-
valdanna á Íslandi, um inntöku í hinn lærða skóla
í Reykjavík.**

6. nóvbr.

Í bréfi 9. f. m., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, að skólameistarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík hafi álitid, að pilturinn Jón Finsen, sem ekki er fullra 12 ára, sè hæfur til þess að setjast í neðsta bekk skólans, og lagt til, að stjórnarráðið leyfi, að þannig sè brugðið útaf því, sem fyrir er mælt í 3. grein skólareglugjörðarinnar.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið samþykkir, að tæðum læri-
sveini sè veittur skóli.

**100. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um hluttekning Íslands í gripasýningunni
í Kaupmannahöfn 1872.¹**

6. nóvbr.

Í bréfi 11. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá þeim ráðstöfunum, sem þèr hafið gjört útaf hluttekning Íslands í

¹) Sama dag skrifaði dómsmálastjórnin forstöðunefndinni fyrir gripa-
sýningunni í Kaupmannahöfn 1872 á þessa leið:

Eptir að dómsmálastjórnin samkvæmt bréfi forstöðunefndar-
innar 8. ágúst þ. á., hafði lagt stiptamtmanninum yfir Íslandi
og amtmanninum á Færeyjum fyrir, að þeir annaðhvort sjálfir
eða með hjálp nefnda takist á hendur, að standa fyrir þeim ráð-
stöfunum, sem með þarf til þess að Ísland og Færeyjar geti tekið